



Garðabær
B.t. Bæjarráðs
Ráðhús Garðabæjar
Garðatorgi 7
210 Garðabær

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	27.12.19
Málalýkill	11.30
Mál nr.	19/2323

Reykjavík 19. desember 2019
UST201902-114/I.M.B.
09.03

Efni: Tillaga að friðlýsingu Búrfells, Búrfellsgjár og Selgjár í Garðabæ á grundvelli náttúruverndarlaga

Samstarfshópur, skipaður fulltrúum frá Garðabæ, Umhverfisstofnun, umhverfis- og auðlindaráðuneyti, Ríkiseignum, Minjastofnun Íslands og landeigendum, hefur undanfarið unnið að undirbúningi að friðlýsingu Búrfells, Búrfellsgjár og Selgjár í Garðabæ sem náttúruvætti á grundvelli náttúruverndarlaga. Samkvæmt 39. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd annast Umhverfisstofnun undirbúning friðlýsingar. Skv. 2. mgr. fyrrnefndrar greinar skal Umhverfisstofnun gera drög að friðlýsingarskilmálum og leggja fyrir landeigendur og aðra réttihafa lands, viðkomandi sveitarfélög og aðra sem hagsmuna eiga að gæta. Frestur til að gera athugasemdir við fyrirhugaða friðlýsingu skal vera þrír mánuðir og skal stofnunin í kjölfarið vísa málinu til ráðherra með tillögum að friðlýsingarskilmálum og gera grein fyrir því hvort að náðst hafi samkomulag um friðlýsinguna við hlutaðeigandi aðila.


Sú tillaga að friðlýsingarskilmálum sem Umhverfisstofnun kynnir nú byggir á því samtali sem hefur átt sér stað á vettvangi samstarfshóps. Er tillögu að friðlýsingarskilmálum að finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar www.ust.is.


Kynning á tillögu að friðlýsingu

Umhverfisstofnun leggur hér með fram tillögu að friðlýsingaskilmálum fyrir Búrfell, Búrfellsgjá og Selgjá í Garðabæ ásamt tillögu að mörkum svæðisins. Frestur til að gera athugasemdir við tillöguna er til og með 23. mars 2020. Athugasemdum má skila með tölvupósti á netfangið ust@ust.is eða senda með pósti til Umhverfisstofnunar, Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík. Umhverfisstofnun vekur athygli á því að innsendar athugasemdir eru hluti af stjórnsýslumáli og kunna að verða afhentar þriðja aðila sé óskað eftir í samræmi við upplýsingalög nr. 140/2012.

Frekari upplýsingar veita Ingibjörg M. Bjarnadóttir (ingibjorgb@ust.is) og René Biasone (rene@ust.is) með tölvupósti eða í síma 591-2000.

Virðingarfyllst


Ingibjörg Marta Bjarnadóttir
Sérfræðingur


René Biasone
Sérfræðingur

Fylgiskjöl
Tillaga að friðlýsingaskilmálum
Tillaga að mörkum svæðisins

Suðurlandsbraut 24 +354 591 2000
108 Reykjavík www.ust.is
Iceland

Skjal sótt af '00000000000' dags: 25.03.2026